

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 25/96
frá 26. apríl 1996**

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/95 frá 27. janúar 1995⁽¹⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/50/EB frá 31. október 1994 um breytingu á tilskipun ráðsins 70/524/EBE um aukefni í fóðri⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/77/EB frá 20. desember 1994 um breytingu á tilskipun ráðsins 70/524/EBE um aukefni í fóðri⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/37/EB frá 18. júlí 1995 um breytingu á tilskipun ráðsins 70/524/EBE um aukefni í fóðri⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætast við í 1. lið (tilskipun ráðsins 70/524/EBE) í II. kafla I. viðauka við samninginn:

„ - 394 L 0050: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/50/EB frá 31. október 1994 (Stjttíð. EB nr. L 297, 18. 11. 1994, bls. 27),

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 47, 2. 3. 1995, bls. 24 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 7, 2. 3. 1995, bls. 57.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 297, 18. 11. 1994, bls. 27.

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. L 350, 31. 12. 1994, bls. 113.

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. L 172, 22. 7. 1995, bls. 21.

- 394 L 0077: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/77/EB frá 20. desember 1994 (Stjtið. EB nr. L 350, 31. 12. 1994, bls. 113),
- 395 L 0037: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/37/EB frá 18. júlí 1995 (Stjtið. EB nr. L 172, 22. 7. 1995, bls. 21).“.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipana framkvæmdastjórnarinnar 94/50/EB, 94/77/EB og 95/37/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. maí 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 26. apríl 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Benavides

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner